

Bækur fyrir yngri hlustendur/lesendur

Bækur fyrir ung börn eru yfirleitt myndskreyttar en þó í mismunandi miklum mæli.

Bókunum má skipta í fjóra flokka eftir því hvað hlutverk myndanna er mikið í þeim:

1. Bendibækur eru fyrir yngstu börnin. Þær eru án söguþráðar og stundum einnig án orða.
 2. Myndabækur sem segja sögu, með eða án texta.
 3. Ríkulega myndskreyttur texti, sem kemst illa eða ekki af án mynda.
 4. Myndskreyttar sögubækur. Í þessum flokki hefur textinn yfirhöndina. Myndirnar nægja ekki einar og sér til að segja sögu. Textinn þarf þó ekki að vera langur.
- Mjög fáar bendibækur hafa verið gerðar hér á landi þó má nefna *Íslensku dýrin* e. Halldór Pétursson.
 - Myndabókin hefur þróast mikið á síðustu áratugum samhliða aukinni tækni í prentinaði.
 - Myndabækur fyrir ólæs börn eru alls ekki einfaldar, a.m.k. ef þær eru vel gerðar.
 - Þær hafa oft tvo innbyggða lesendur, þann fullorðna sem les söguna og barnið sem hlustar og skoðar myndirnar.

- Söguefni og boðskapur þarf að miðast við ung börn en fullorðnir mega gjarnan fá t.d. vísanir í önnur verk eða „texta undir textanum” til að þeim leiðist ekki við lesturinn.
- Myndabókin má þó ekki, frekar en aðrar barnabækur, bregðast barninu. Hún þarf að sýna því samstöðu en ekki yfirlæti eða hæðni.
- Myndir í vel gerðum barnabókum opna augu barnsins fyrir fleiru en knappur textinn segir.
- Myndirnar þurfa samt líka að vera í góðu samræmi og samhengi við textann svo þær rugli ekki barnið.
- Stundum koma þar fram litlar aukasögur sem barnið getur fylgst með.
- Það er of algengt í íslenskum barnabókum að myndir séu svo takmarkaðar að þær bæti litlu sem engu við söguna. Myndirnar eru oft aðeins til skrauts.
- Miklu skiptir að upplestur fyrir ung börn sé lifandi og gjarnan leikrænn svo sagan lifni við fyrir hlustendur.
- Flytjendur þurfa einnig að þekkja vel þroska og þolinmæði áheyrenda sinna og athuga hvenær þarf e.t.v. að stytta eða einfalda söguna.
- Við lesturinn kynnast börnin fjölbreyttara málvari en þau eru vön í talmáli, fá meiri málskilning og orðaforða og betri tilfinningu fyrir byggingu setninga og frásagna.

- Lesarar þurfa einnig að gæta þess að hlustendur geti fylgst með myndunum, jafnóðum og sagan er lesin/sögð, því góðar myndir og texti mynda eina heild sem ekki má rjúfa.
- Í vel gerðum myndabókum er sjálfsagt að skoða saman uppsetningu á bókarkápu, mynd, titil og liti og athuga hvaða upplýsingar þetta gefur um söguna.
- Uppbygging mynda og texta í bókaropnum þarf líka að vera vel útfært og leiða lesendur áfram í sögunni. Stundum þarf að útskýra tákn o.þ.h. svo börnin átti sig á merkingunni. Einnig getur þurft að hjálpa þeim við að „lesa myndirnar”.

Bygging í myndabókum er oft lík og í gömlu ævintýrunum, þó stundum sé þar einfaldað og stytta.

1. Öryggi í upphafi sögunnar.
2. Öryggið raskast, vandamál kynnt.
3. Tekist á við vandamálið og það leyst.
4. Öryggi komið á aftur.

- Hugmyndafræði myndabókanna getur verið með ýmsu móti þó oftast sé hún ásættanleg. Í barnabókum ætti að kynna söguefni af víðsýni og fordómaleysi t.d. í sambandi við hlutverk kynjanna, trúarbrögð, mismunandi litarhátt og fleira.

Yfirlit yfir íslenskar myndabækur

- Fyrsta myndabókin: *Myndabók handa börnum* (1853)
- Lengi vel voru flestar myndabækurnar stæling á erlendum bókum.
- Fáir íslenskir listamenn fengust við að myndskreyta íslenska barnabækur.
- Muggur – Guðmundur Thorsteinsson – var fyrsti eiginlegi íslenski myndabókahöfundurinn. Frægust er *Dimmalimm* (s. 1921 – útg. 1942)
- Tryggvi Magnússon teikari myndskreytti t.d. vísnaðækur Jóhannesar úr Kötlum og Stefáns Jónssonar.
- Nína Tryggvadóttir myndskreytti verk annarra en samdi einnig sögur sjálf. T.d. *Kötturinn sem hvarf* (1947).
- Halldór Pétursson teiknaði myndir í margar barnabækur. Gerði *Íslensku dýrin* (1960) og myndirnar í *Helgi skoðar heiminn* (1976) en Njörður P. Njarðvík skrifaði söguna eftir myndunum.
- Njörður skrifaði líka sögurnar um Sigrúnu, fyrst var *Sigrún fer á sjúkrahús* en Sigrún Eldjárn gerði myndirnar. Þetta voru hennar fyrstu myndskreytingar í barnabókum.

- Sigrún hefur verið mjög afkastamikil í gerð íslenskra barnabóka síðan og oftast gert bæði myndir og texta. Fyrst *Allt í plati* (1980)
- Brian Pilkington hefur komið að gerð margra bóka. Fyrst *Ástarsaga úr fjöllum* (1981) en hann hefur einnig samið nokkrar sögur sjálfur.
- Þorvaldur Þorsteinsson skapaði bæði myndir og sögu *Skilaboðaskjóðunnar* (1986)
- Áslaug Jónsdóttir hefur skrifað og myndskreytt nokkrar bækur, m.a. *Einu sinni var raunamæddur risi* og sögurnar um litla og stóra skrímslið.
- Gunnar Karlsson myndskreytti t.d. *Snuðru og Tuðru* eftir Iðunni Steinsdóttur og *Litla skógarbjörninn* eftir Illuga Jökulsson.